

SKÝRINGAR

Byggð og atvinna

- Landbúnaðarsvæði
- Byli / eyðbyli
- Þéttbýli / séruppdrættir
- Íbúðarsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Stofnanasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Athafnasvæði
- Fristundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Ár og vötn
- Námur
- Urðunarsvæði

Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng
- Gönguleiðir
- Megin reiðleiðir
- Aðrar reiðleiðir
- Hjóreiðastigur

Veitur

- Háspennulínur 220 kV og stærri
- Háspennulínur 132 kV, 66 kV og 33 kV
- Háspennustrengur
- Stofnæð hitaveitu
- Ljósleiðari
- Stofnæð vatnsveitu

Vernd

- Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999
- Svæði á Náttúruinjaskrá, 7. útg. 1996
- Friðlýstar forneifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001
- Hverfisvernd vegna náttúruminja
- Hverfisvernd vegna fornminja
- Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla
- Vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla
- Svæði undir náttúruvá

Tákn til skýringar

- Sveitarfélagið Ölfus
- Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi



Gildandi aðalskipulag, sveitarfélagsuppdráttur. Mkv. 1:50.000



Breytt aðalskipulag, sveitarfélagsuppdráttur. Mkv. 1:50.000

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022 Skiðasvæðið í Bláfjöllum

Sveitarfélagið Ölfus vinnur að breytingu á aðalskipulagi í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna stækkunar skiðasvæðisins í Bláfjöllum sem verður innan sveitarfélagsins.

Fyrirhuguð uppbygging innan Sveitarfélagsins Ölfus er ekki í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022 þar sem svæðið er skilgreint sem *óbyggð svæði* auk þess að vera *fjarsvæði vatnsverndar* og undir *hverfisvernd*.

Samkvæmt auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 173/1985 er núverandi skiðasvæði og fyrirhuguð stækkun þess með breytingu á aðalskipulagi innan fólkvangsins.

Tilfni og forsendur

Skiðasvæðið í Bláfjöllum er í landi Kópavogs á um 390 ha svæði. Skv. framtíðarsýn Skiðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir Bláfjöll til ársins 2030 stendur til að stækka skiðasvæðið yfir í Sveitarfélagið Ölfus á allt að 100 ha svæði.

Innan stækkaðs skiðasvæðis stendur til að byggja diskalyftu úr Kerlingardal upp á topp Bláfjalla, en einnig er gert ráð fyrir að efri endastöðvar tveggja nýrra stóla lyfta verði innan sveitarfélagsins. Vegna þessara nýju lyfta verða til nýjar skiðaleiðir innan skiðasvæðisins sem að hluta til eru í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Unnið er að deiliskipulagi fyrir stækkað skiðasvæði þar sem nánar verður gerð grein fyrir útfærslu svæðisins.

Skipulags- og matslýsing

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefnum þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Breyting á aðalskipulagi fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna liðar 12.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000: *Skiðasvæði, skiðalyftur og kláfar og tengdar framkvæmdir á skiðasvæðum á verndarsvæðum (svæðið er vatnsverndarsvæði, fjarsvæði) og jökulum*. Vegna þess var þörf á að gera matslýsingu vegna vegna breytingar á aðalskipulagi.

Þar sem samhliða er unnið að deiliskipulagi fyrir sama svæði tók skipulags- og matslýsingin einnig til deiliskipulagsins og er það í samræmi við gr. 4.2.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skipulags- og matslýsing var samþykkt til kynningar á fundi bæjarstjórnar 26. september 2019. Skipulags- og matslýsingin var auglýst frá 1. nóvember - 2. desember 2019.

Umsagnir bárust frá Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Kópavogsbæ, Garðabæ Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Tekið var tillit til umsagna og athugasemdar í vinnu við breytingu á aðalskipulagi.

Lýsing svæðisins

Skipulagssvæðið er um 100 ha og er suðaustan núverandi skiðasvæðis og í austurhlíðum Bláfjalla og niður í hluta Kerlingardals. Svæðið er almennt séð lítt gróið, sérstaklega í fjallshlíðum. Fjöllin sjálf eru dæmigerður móbergshryggur og eru topparnir án hraunþekju á þessu svæði. Flatlendið er ýmist þakið sléttum helluhraunum, að hluta mosavöxnum, eða seti.

Breyting á aðalskipulagi

Breyting á gildandi aðalskipulagi felst í því að um 100 ha svæði verður skilgreint á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins sem *opið svæði til sérstakra nota (O9)* í stað þess að vera *óbyggð svæði*. Svæðið mun eftir sem áður vera *fjarsvæði vatnsverndar* og undir *hverfisvernd*.

Opin svæði til sérstakra nota

Markmið aðalskipulagsins fyrir *opin svæði til sérstakra nota* eru:

- Lögð er áhersla á að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu.

Bætt er við nýju *opnu svæði til sérstakra nota* í kafla 3.1.3 í greinargerð aðalskipulags.

O9: Skiðasvæðið í Bláfjöllum.

Lýsing: Stækkun skiðasvæðisins í Bláfjöllum yfir í Sveitarfélagið Ölfus á allt að 100 ha svæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

Umhverfismat

Gerð er grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum sem breyting á aðalskipulagi hefur. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Jarðfræði og jarðmyndanir

Það svæði sem breytingin nær til er suðaustan núverandi skiðasvæðis og í austurhlíðum Bláfjalla og niður í hluta Kerlingardals. Fjöllin eru dæmigerður móbergshryggur og eru topparnir án hraunþekju á þessu svæði. Flatlendið er ýmist þakið sléttum helluhraunum, að hluta mosavöxnum, eða seti.

Áhrif breytingar á aðalskipulagi á umhverfisþáttinn *jarðfræði og jarðmyndanir* eru talin óljós og fara eftir útfærslu skiðasvæðisins í deiliskipulagi.

Gróðurfar

Það svæði sem breytingin nær til er almennt séð lítt gróið, sérstaklega í fjallshlíðum sem eru að mestu skriður, klettur og melar. Flatlendið í Kerlingardal er að hluta til mosavaxið og teygir moslendið sig aðeins upp í fjallshlíðarnar.

Áhrif breytingar á aðalskipulagi á umhverfisþáttinn *gróðurfar* eru talin óljós og fara eftir útfærslu skiðasvæðisins í deiliskipulagi.

Landslag og sjónræn áhrif

Áhrif breytingar á aðalskipulagi á umhverfisþáttinn *landslag og sjónræn áhrif* eru talin óljós og fara eftir útfærslu skiðasvæðisins í deiliskipulagi.

Grunnvatn

Innan þess svæðis sem breytingin nær til er skilgreint fjarsvæði vatnsverndar og eru verndarákvæði þessi skv. aðalskipulagi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í flokki grannsvæða. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Verndarákvæði eru óbreytt og gilda áfram þrátt fyrir að svæðið breytist frá því að vera *óbyggt svæði* í *opin svæði til sérstakra nota*. Áhrif á *grunnvatn* eru því talin óveruleg.

Útivist

Áhrif breytingar á aðalskipulagi á umhverfisþáttinn *útivist* eru talin jákvæð þar sem frekari uppbygging skiðasvæðisins mun auka líkur að því að fleira fólk komi á skiðasvæðið til að njóta útivistar.

Núll kostur

Ef ekki kemur til framfylgdar breytingar á aðalskipulagi er talið að áhrif á alla umhverfisþætti verði óveruleg.

Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að heildaráhrif breytingar á aðalskipulagi fari að mestu eftir útfærslu í deiliskipulagi en séu þó óveruleg á *grunnvatn* og jákvæð á *útivist*. Breyting á aðalskipulagi er ekki talin hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif þar sem um er að ræða afmarkað *opið svæði til sérstakra nota* sem er í sátt við umhverfið skv. nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

Skýringar

- Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
- Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
- Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
- Óþekkt áhrif á umhverfisþátt

Umhverfisþættir	Breyting á aðalskipulagi	Núll kostur
Jarðfræði og jarðmyndanir	?	0
Gróðurfar	?	0
Landslag og sjónræn áhrif	?	0
Grunnvatn	0	0
Útivist	+	0
Niðurstaða	?	0 + 0

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn sveitarfélagsins Ölfus þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____

SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS - BLÁFJÖLL

ADALSKIPULAG 2010-2022
BREYTING Á ADALSKIPULAGI - TILLAGA

KVARÐI-AS: 1:50.000	TEIKN NR:
DAGS: 04.12.2019	HANNAÐ: ÓI
FLOKKUR: 8717	TEIKNAD: ÓI
SKRÁ:	VERKNR: 19092

